

Kjarasamningur Eflingar og SA fyrir starfsfólk í umönnunarstörfum

1. kafli Gildissvið

- 1.1 Ákvæði samnings þessa gilda um starfsfólk í umönnunarstörfum s.s. á sjúkrastofnunum, sjúkrahótelum og við félagslega heimþjónustu. Samningurinn er hluti aðalkjarasamnings aðila og hefur sama gildistíma og hann. Um önnur atriði en hér greinir gilda ákvæði aðalkjarasamnings.

2. kafli Laun

- 2.1 Launaflokkar skulu vera sem hér segir:
Starfsmaður í umönnun lfl 21

3. kafli Um vinnutíma

- 3.1 Almenn vinnutímaákvæði gilda um starfsfólk í umönnunarstörfum sbr. kafla 2 í kjarasamningi með þeim breytingum sem hér greinir.
- 3.2 Dagvinnutímabil er frá kl. 08:00-17:00. Greitt er álag fyrir vinnu utan dagvinnutímabils sbr. gr. 3.6
- 3.3 Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst og eigi skemmri en 3 klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild.
- 3.4 Með vöktum í samningi þessum er átt við fyrirfram ákveðna vinnutilhögun starfsmanna. Tímalengd vaktar skal tilgreina í vaktskrá, m.a. með tilliti til upphafs og endis vaktar.
- Vaktir skulu skipulagðar fyrir 4 vikur í senn og vaktskrá kynnt með að minnsta kosti viku fyrirvara. Þar sem starfsemi byggist að verulegu leyti á starfsmönnum í hlutastörfum er heimilt að ákveða vaktir fyrir skemmri tíma en þó ekki skemmri tíma en til tveggja vikna.

- 3.5 Vinnu umfram tilgreindan vinnutíma skal greiða með yfirvinnu ef um starfsmenn í fullu starfi er að ræða en með tímakaupi ef um hlutastarfsmenn er að ræða. Þá er greitt dagvinnukaup á dagvinnutíma en yfirvinnukaup á yfirvinnutíma, sbr. skilgreiningar á vinnutíma í 2. kafla aðalkjarasamnings.
- 3.6 Álag á dagvinnukaup greiðist á þann hluta 40 stunda vinnu að meðaltali á viku, sem fellur utan dagvinnutímabils.
- 33% álag á tímabilinu kl. 17:00-24:00 mánudaga til föstudaga.
- 55% álag á tímabilinu 00:00-08:00 alla daga, svo og laugardaga og sunnudaga.
- Á helgidögum, sbr. gr. 2.3.2, greiðist 55% álag.
- Á stórhátíðadögum, sbr. gr. 2.3.1, greiðist 90% álag

4. kafli Bakvaktir

- 4.1 Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem starfsmanni er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum. Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi:
- 4.2 Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi starfsmaður er bundinn heima fær hann greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2. verður ofangreint hlutfall 55%.
- 4.2 Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu starfsmanns en hann er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2. verður ofangreint hlutfall 27,5%.
- 4.5 Fyrir útkall á bakvakt skal starfsmaður fá greitt fyrir unninn tíma, þó að lágmarki 4 klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því að hann kom til vinnu. Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.

5. kafli Matar- og kaffitíma

- 5.1 Í hverri 8 klst. vakt felst 35 mín. neyslutími. Séu vaktir lengri eða styttri breytist neysluhlé hlutfallslega.
- 5.2 Heimilt er að semja við starfsmenn um aðra tilhögun vinnu- og neyslutíma.
- 5.3 Fáir starfsmenn ekki neysluhlé skal greiða þeim 5 mínútur á yfirvinnukaupi fyrir hvern unnin klukkutíma.

6. kafli Vetrarfrí

- 6.1 Starfsmenn sem vinna vaktavinnu, sem skipulögð er alla daga ársins, vinna sér inn 12 vetrarfrisdaga miðað við fullt starf vegna stórhátíðadaga og annarra frídaga sbr. gr. 2.3.1 og 2.3.2, sem falla á mánudaga til föstudaga.
- 6.2 Ef starfsstaður er lokaður á ofangreindum dögum eða frí veitt þá dregst samsvarandi fjöldi daga frá vetrarfrisdögunum nema hjá starfsmönnum sem eiga áunnið vaktافرí.
- 6.3 Fyrirtæki ákveður í samráði við starfsmann hvenær vetrarfrí skal veitt á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrisdaga miðast við 1. október til 30. september.
- 6.4 Heimilt er með samkomulagi fyrirtækis og starfsmanns að láta greiðslu koma í stað umræddra frídaga, 8 klst í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Starfsmenn fá áunna vetrarfrisdaga gerða upp við starfslok.

